

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar.
nefnasvid@althingi.is

Afhent nefndarmönnum á fundi
nefnarinnar 7. desember 2023.

Reyðarfirði, 6. desember 2023.

Efni: Umsögn Alcoa Fjarðaáls sf. um frumvarp atvinnuveganefndar til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (forgangsraforka). – Lagt fram á 154. löggjafarþingi, þskj. 635. – 541. mál.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (forgangsraforka), 541. mál.

Alcoa Fjarðaál sf. (hér eftir nefnt „Alcoa“ eða „félagið“) hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og vill á þessu stigi máls koma á framfæri þeim athugasemdum sem að neðan greinir.

--- --- ---

Alcoa hefur áður skilað til Alþingis umsögn um stjórnarfrumvarp sem lagt var fram á þessu löggjafarþingi og er að hluta til af sama meiði og það sem hér er til umfjöllunar. Er þar vísað til frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.), þskj. 355 - 348. mál.

Eiga þær athugasemdir sem Alcoa gerði við stjórnarfrumvarpið, þ.e. 348. mál, að stórum hluta til við um efnisatriði þess frumvarps atvinnuveganefndar sem nú er til meðferðar. Vísar Alcoa því almennt til þeirra athugasemda.

Þess utan lýsir Alcoa yfir áhyggjum sínum af efnisatriðum frumvarps atvinnuveganefndar.

Af því tilefni sér félagið sig knúið til þess að koma á framfæri við nefndina neðangreindum athugasemdum við efnisatriði frumvarpsins:

- Með frumvarpinu er farin sú leið að leggja til að lögfest verði sérstakt skömmunarkerfi fyrir raforku á Íslandi, fullnægi framboð ekki eftirspurn.

Í stað þess að tryggja öllum notendum raforku jafna stöðu, þannig að þeir sitji við sama borð, leggur atvinnuveganefnd nú til lagabreytingu sem mælir fyrir um að að hluti þeirra skuli njóta forgangs umfram aðra, sem í þessu tilviki eru stórnotendur.

- Alcoa gengur út frá því að félagið teljist til stórnotenda í skilningi frumvarpsins. Í því felst að nái það fram að ganga óbreytt mun félagið ekki njóta forgangs komi upp þær aðstæður að framboð fullnægi ekki eftirspurn.

- Alcoa bendir atvinnuveganefnd sérstaklega á að í gildi er orkusamningur milli félagsins og Landsvirkjunar sem felur meðal annars í sér skuldbindingar um orkuafhendingu.

Hlýtur Alcoa að gera ráð fyrir að við skuldbindingar orkusamningsins verði staðið óháð þeim áformum sem fram koma í frumvarpi nefndarinnar. Í því sambandi tekur félagið fram að vart verði séð af ákvæðum samningsins að ríkisvaldinu sé heimilt að breyta skuldbindingum Landsvirkjunar samkvæmt honum einhliða með laga- eða stjórnvaldsfyrirmælum. Í því sambandi verði að horfa til þeirra nánu tengsla sem eru á milli íslenska ríkisins og Landsvirkjunar.

- Alcoa bendir á að ríkir hagsmunir felast í því fyrir alla hlutaðeigandi að samningsskuldbindingum samkvæmt fyrirbyggjandi orkusamningi verði ekki raskað.

Öll skerðing raforku til félagsins, hvort sem er til skamms eða langs tíma og af hvaða ástæðu sem hún kann að orsakast, getur haft verulega neikvæð áhrif á starfsemi félagsins. Gildir það jafnt um framleiðsluþátt starfseminnar, en einnig og ekki síður um umhverfisþátt hennar.

Slíkt ráðstöfun myndi fyrirsjáanlega fela í sér verulegt opinbert inngríp í starfsemi félagsins og þar með þann orkusamning sem í gildi er við landsvirkjun.

Færa má sterk rök fyrir því að slíkt inngríp færi í bága við þau réttindi sem sem tryggð eru í stjórnarskrá, s.s. í eignarréttarákvæði 72. gr. hennar og með atvinnufrelsisákvæði 75. gr., fyrir utan hversu illa sú stefnumörkun sem felst í frumvarpinu samræmist jafnræðisreglu 65. gr. hennar.

Bendir Alcoa á að enga greiningu er að finna í frumvarpi þessu um það hvernig efni þess samræmist ákvæðum stjórnarskrár, líkt og gert er við framlagningu stjórnarfrumvarpa.

Er á þennan annmarka bent í ljósi framangreindra athugasemda, en einnig þar sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að það sé flutt af hálfu nefndarinnar að beiðni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

- Alcoa telur að slá megi því föstu að þurfi félagið að sæta skerðingu á raforku til starfsemi sinnar myndi slíkt fyrirsjáanlega hafa í för með sér tjón.

Á hinn bóginn verður ekki séð af hvaða ástæðu Alcoa, eða aðrir stórnotendur sem ekki er gert ráð fyrir að njóti forgangs samkvæmt frumvarpinu, ættu að þurfa að bera það tjón sem af slíkri röskun kynni að hljóta.

Rétt er að benda nefndinni á að túlka má orðalag greinargerðar frumvarpsins á þann hátt að í því felist viðurkenning frumvarpsflytjenda á því að slíkt tjón yrðu aðrir en stórnotendur að bera þar sem orsakir þess að til skerðingar kunni að koma orsakist af því raforka í landinu sé nánast uppseld og að það stefni í orkukreppu á næstu árum „vegna hindrana í leyfisveitingum við uppbyggingu nýrra virkjana“.

Við blasir að leiði skerðing á afhendingu raforku til tjóns fyrir stórnotendur þá verði þeir ekki látnir bera tjón sitt sjálfir þegar fyrir liggur yfirlýsing löggjafans um að slíkt tjón hafi orsakast af framangreindum ástæðum.

Sá framboðsvandi sem þar er lýst og frumvarpinu er ætlað að bregðast við sé á ábyrgð stjórnvalda og fyrirséður.

- Alcoa bendir á að í frumvarpi nefndarinnar felst verulegt framsal valds frá löggjafanum til Orkustofnunar.

Verði frumvarpið samþykkt verður ekki betur séð en að nefndin vilji framselja vald til Orkustofnunar á þann hátt að stofnuninni verði falið það vald að taka ákvarðanir um hvernig skuli njóta forgangs að raforku og hverjir ekki.

Slíkt valdframsal er lögum samkvæmt varhugavert, ekki síst þegar um er að ræða heimildir sem veittar eru stjórnvöldum til að taka íþyngjandi ákvarðanir líkt og þær sem frumvarpið heimilar Orkustofnun að taka verði frumvarpið að lögum.

- Samkvæmt lokamálslið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði þess falli úr gildi 1. janúar 2026 eða eftir rúm tvö ár. Er skömmtunarkerfi frumvarpsins því markaður skammur gildistími.

Alcoa bendir á að lagasetning af slíku tagi samræmist illa því laga- og samningsumhverfi sem félagið og aðrir stórnotendur starfa í. Í því sambandi má benda á að gildistími samninga á starfssviði þeirra er fremur talinn í áratugum en árum.

Það helgast m.a. af því að fjárfestingar í starfsemi stórnotenda eru miklar og kostnaðarsamar og því mikilvægt að þeir búi við stöðugleika í starfsemi sinni.

Frumvarp atvinnuveganefndar er ekki í þeim anda.

- Að lokum verður ekki hjá því komist að gera athugasemdir við mat nefndarinnar, sem fram kemur í niðurlagi greinargerðarinnar, að reglur frumvarpsins séu „almennar“ og að frumvarpið feli í sér „*almennar takmarkanir*“ sem nefndin segir að réttlætist af almannapörf og almannahagsmunum.

Af efnisákvæðum frumvarpsins leiðir augljóslega að reglur frumvarpsins eru ekki almennar, heldur sértækar, enda beinlínis tiltekið að stórnotendur skuli ekki njóta forgangs við afhendingu á rafmagni komi til orkuskorts.

Í því felst að þær íþyngjandi ákvarðanir sem Orkustofnun verður heimilt að taka verði frumvarpið að lögum verða sérsniðnar að tilgreindum hópi notenda, þ.e. stórnotendum. Slíkar lagareglur teljast ekki almennar í neinum skilningi.

Alcoa styður öll áform sem hafa það að markmiði að auka raforkuöryggi og framboð á raforku á Íslandi, hvort sem er fyrir almenning eða fyrirtæki.

Árangursríkasta leiðin að því markmiði er sú að auka framboð af raforku ásamt því að styrkja og efla raforkukerfið til framtíðar.

Frumvarp atvinnuveganefndar hefur ekki að geyma nein áform í þá veru.

Samkvæmt framansögðu telur Alcoa að fyrirbyggjandi frumvarp þarfnist umtalsverðra úrbóta við frekari meðferð málsins á Alþingi.

Er þess vænst að við þá meðferð verði tillit tekið til framangreindra athugasemda og ábendinga Alcoa, auk þess sem horft verði til þeirra réttinda sem félagið nýtur þegar samkvæmt ákvæðum laga og orkusamnings við Landsvirkjun.

Alcoa áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum verði frumvarpið á síðari stigum, gerist þess þörf.

**Virðingafyllst,
f.h. Alcoa Fjarðaáls sf.,**



Smári Kristinsson
framkvæmdastjóri framleiðslu
Smari.Kristinsson@alcoa.com